

Frístundamiðstöðin Kringlumýri

Starfsáætlun 2023-2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Skipurit Kringlumýrar	7
Hlutverk og gildi Kringlumýrar	8
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta starfsári	9
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar.....	10
Áskoranir, markmið og aðgerðir	11
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins	14
Samstarf.....	15
Jafnréttisáætlun.....	16



Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Frístundamiðstöðvarnar vinna jafnframt út frá Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025, en leiðarljós hennar er að Reykjavíkurborg bjóði upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags. Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavík.

Til viðbótar við þessi stefnuskjöl sem frístundamiðstöðvarnar vinna eftir er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Starfsáætlunin gildir frá 1. september 2023 og gildir til 31. ágúst 2024. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið í samræmi við starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.

Frístundamiðstöðin Kringlumýri stendur fyrir viðamiklu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi. Hjá Kringlumýri starfa um 418 starfsmenn í 170 stöðugildum. Starfsstaðir Kringlumýrar telja níu frístundaheimili og átta félagsmiðstöðvar. Starfsmannahópurinn samanstendur af einstaklingum með fjölbreytta menntun, ólíkan bakgrunn og viðamikla reynslu af starfi með börnum og unglingum. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg krefjast sérhæfingar og sérþekkingar.



Kringlumýri er þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra barna og unglunga. Þekkingarmiðstöðinni tilheyra fimm starfsmenn sem starfa í öllum miðstöðvum borgarinnar. Verkefnisstjóri á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra barna ásamt einum ráðgjafarþroskabjálfa starfa í Kringlumýri (Norðurmiðstöð) og þrír ráðgjafarþroskabjálfar starfa í Brúnni (Austurmiðstöð), Miðbergi (Suðurmiðstöð) og Tjörninni (Vesturmiðstöð), einn á hverjum stað. Hver ráðgjafarþroskabjálfi tekur virkan þátt í samstarfi þvert á VEL og SFS innan sinnar miðstöðvar í anda vinnulags BBB. Það samstarf hefur almennt gengið vel og má í mörgum tilvikum sjá mikinn mun á vinnslu mála þar sem bæði svið og allar stofnanir er koma að þjónustu við börn vinna saman að aukinni farsæld barna. Verkefnisstjóri vinnur mikið með verkefnisstjórum sem halda utan um stuðning og sérkennslu á leik- og grunnskólaskrifstofu og sífellt meiri áhersla hefur verið lögð á samstarf og samráð þar á milli. Bæði tengt vinnu við innleiðingu á nýju verklagi tengdu farsæld barna og BBB en ekki síður varðandi önnur mál sem upp koma tengd málaflokki fatlaðs fólks. Þekkingarmiðstöðin á að vera í fararbroddi varðandi vinnu og hugmyndafræði í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta SFS og hefur haldið áfram að þróa og innleiða verklag tengt úthlutun stuðnings, mati á árangri, vinnubrögðum og hugmyndafræði. Handbók um farsæld barna í frístundastarfi varð til á árinu sem hefur það markmið að auðvelda aðgengi að upplýsingum og leiðbeiningum. Starfsmenn þekkingarmiðstöðvar hafa það hlutverk að miðla reynslu og þekkingu til allra frístundamiðstöðva og upplýsa um alla þróun sem á sér stað í málaflokknum sem skiptir starfseminu máli. Þekkingarmiðstöðin heldur utan um veittan stuðning á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar ásamt því að veita ráðgjöf inn á starfsstaði frístundastarfs. Megináhersla í allri vinnu þekkingarmiðstöðvar er valdefling bæði starfsmanna og barna svo hver starfseining verði sjálfbær í að efla öll börn og unglunga félagslega og gera þeim kleift að taka þátt í frístundastarfi á eigin forsendum. Sem þekkingarmiðstöð er það hlutverk Kringlumýrar að vera leiðandi í frítímastarfi fatlaðra barna og unglunga. Einnig rekur Kringlumýri sértæk úrræði fyrir börn og unglunga með fötlun sem stunda nám í Klettaskóla, frístundaheimilið Guluhlíð og félagsmiðstöðina Öskju.

Í öllu starfi Kringlumýrar er lögð áhersla á að börnum og unglungum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Þessi ár eru mikilvægt mótunarskeið og því er áhersla lögð á að efla þætti eins og félagsfærni, sjálfsmynd og virka þátttöku með skipulögðum hætti. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Kringlumýri starfar eftir hugmyndafræði „jákvæðrar nálgunar“ og reynslunáms ásamt lýðræðislegri vinnuaðferða.



Margar áskoranir bíða okkar þetta starfsár. Fjölgun barna og unglunga með fötlun er mun meiri en síðustu ár ásamt því að vera með flóknari þarfir en áður. Einnig er að aukast ofbeldis hegðun hjá unglungum sem er farið að hafa áhrif á félagsmiðstöðvastarf í hverfinu. Rannsóknir sýna að andleg líðan unglunga og þá sérstaklega stúlkna er á niðurleið. Fjölbreytileiki og fjölmening er einnig áskorun sem þarf að vinna með í frístundastarfinu. Alla þessi þætti eru starfsmenn frístundastarfsins að upplifa í sínu starfi og því er það okkar markmið að einbeita okkur að þessum þáttum í starfsáætlun Kringlumýrar 2023 -2024.

Frístundaheimilin ætla að vinna enn betur í vináttufærni í öllum frístundaheimilum hverfisins þar sem áhersla er lögð á að meta félagsleg tengsl og virkni. Þessi aðferðafræði er mikilvægur þáttur í að takast á við andlega líðan barna ásamt fjölbreytileika og fjölmeningu. Virkni barna og að þau upplifi sig sem hluti af samfélaginu er mikilvægur þáttur í að takast á við þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í dag. Ætlunin er að gefa út tölfræðilegar niðurstöður um virkni og félagsleg tengsl í vor frá öllum frístundaheimilum Kringlumýrar. Ætlunin er að öll frístundaheimilin fari í aukið samstarf við grunnskólana til að kortleggja virkni barna sem eru af erlendum uppruna.

Félagsmiðstöðvarnar munu leggja áherslu á félagslega virkni og hvernig hægt er að sporna gegn hatursorðræðu og ofbeldi. Aukin áhersla verður lögð á vettvangsstarf sem og að grípa þau börn og unglunga sem ekki eru virk í sínum frítíma. Áhersla verður lögð á að hjálpa þeim að tengjast samfélaginu og vera virk í frístundastarfi. Sem dæmi var farið af stað með félagsmiðstöð einu sinni í viku fyrir hinsegin unglunga sem ber nafnið Gaymstöðin. Ætlunin er að allar félagsmiðstöðvarnar fari í aukið samstarf við grunnskóla til að kortleggja virkni barna og unglunga sem eru af erlendum uppruna.

Sértækt frístundastarf í Guluhlíð, Heklu og Öskju hefur tekið miklum breytingum síðustu ár. Viðvarandi fjölgun barna og unglunga ásamt breyttri samsetningu í hópnum og þjónustuparfa er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju. Mikilvægt er að fundin sé framtíðarlausn sem allra fyrst sem hentar þörfum barna og unglunga í sértæka frístundastarfinu.

Allt frístundastarf í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum mun leggja áherslu á tvo þætti menntastefnunnar þetta starfsár sem eru félagsfærni og sjálfsefning sem tengjast þeim áskorunum sem frístundastarfið er að takast á við í dag. Allir starfsstaðir munu fylla út gátlista menntastefnu um félagsfærni og sjálfsefningu og fylgja eftir allan veturinn. Gerð verður



aðgerðaáætlun sem tekur á þeim þáttum sem þarf að laga eða bæta við ásamt því að viðhalda þeim þáttum sem eru á góðum stað.

Innleiðing á Betri borg fyrir börn (BBB) er eitt af þeim verkefnum sem frístundastarfið leggur áherslu á þetta starfsár í frístundahluta Norðurmiðstöðvar (Laugardal, Háaleiti og Bústöðum). Okkar tilfinning er að verkefnið sé farið vel af stað en enn er talsvert í land með að markmiðum verkefnisins sé náð. Samstilling SFS og barna og fjölskyldudeild Norðurmiðstöðvar er í fullum gangi og er að skila árangri í þágu barna og unglinga á fyrsta og öðru stigi. BBB er mikið framfara skref fyrir frístundastarfið en margar áskoranir fylgja innleiðingunni og hafa ber í huga að verkefnið mun taka nokkur ár að ná fótfestu í öllu starfi sem tengist börnum og unglingum í hverfum borgarinnar.




Skipurit Kringlumýrar



Stefnumótun og ráðgjöf
 Verkefnastjóri á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra barna. Hluti af fagskrifstofu SFS sem og teymi um skóla- og frístundastarf fyrir alla. Stefnumótun í málefnum fatlaðra barna, mótun og innleiðing verkferla, ráðgefandi fyrir málefni fatlaðra barna í frístundastarfi SFS og tengill við tengslastofnanir (þjónustumiðstöðvar, Sjónarhól, Greiningar- og ráðgjafarstöð og önnur svið borgarinnar [ofl.](#))

Þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra



Hlutverk og gildi Kringlumýrar

Í Starfsskrá frístundamiðstöðva er hlutverk frístundamiðstöðva rammað inn með leiðarljósi, uppeldisgildi og lykilfærni í frístundastarfi sem eru eftirfarandi:

Leiðarljós í frístundastarfi

Virk þátttaka – Reynslunám – Lýðræði – Mannréttindi – Forvarnarstarf

Uppeldisgildi frístundastarfs

Forvarnargildi – Menntunargildi – Afþreyingargildi

Lykilfærni í frístundastarfi

Sjálfsmynd – Umhyggja – Félagssfærni – Virkni og þátttaka

Gildin **fagmennska, fjölbreytileiki og vellíðan** voru valin af starfsfólki og stjórnendum Kringlumýrar. Gildin lýsa að okkar mati vel hvað Kringlumýri stendur fyrir og eru lýsandi fyrir starfið sem fram fer á starfsstöðum hennar.

FAGMENNSKA

- Við höfum fagmennska í fyrirrúmi. Allt okkar starf er byggt á þekkingu, reynslu og menntun í uppeldisstarfi.
- Við sækjum okkur nýja þekkingu, erum tilbúin að bregðast hratt við og breyta til, og finnum nýjar leiðir og lausnir.
- Við erum næm og lesur í aðstæður vegna þekkingar okkar og þess sem reynslan hefur kennt okkur.
- Við leggjum mikla áherslu á samvinnu og að allir vinna saman að settum markmiðum.
- Við leggjum áherslu á gegnsæi og förum eftir ferlum.
- Við erum ígrunduð og setjum inn í spíralinn og reynslunám.
- Stærri fundir eins og þessi á vegum Kringlumýrar eru gott verkfæri til að viðhalda fagmennsku.

FJÖLBREYTILEIKI

- Við tökum tillit til og virðum skoðanir og bakgrun allra.
- Fjölbreytileiki kemur fram í frjálsu vali og að börn og ungmenni geti gert það sem þau vilja.
- Hver einstaklingar hefur sínar tilfinningar og þarfir og við leggjum metnað í að vera til staðar fyrir og koma til móts við alla.
- Með auknum fjölbreytileika starfshópsins aukum við fjölbreytileika þeirra sem sækja starf okkar og erum aðgengilegri og eftirsóknarverðari.
- Við stuðlum að barna- og unglingalýðræði svo börn og ungmenni geti haft sem mest áhrif á starfið.
- Við setja ekki börn í hólf þannig að allir kynnist fjölbreytileika, sem leiðir af sér umburðarlyndi.

VELLÍÐAN

- Við leggjum áherslu á að það sé gaman í vinnunni og munum eftir því að vera létt og leikandi. Jákvæður starfsandi smitar gleði út í starfið og þjónustuhópinn.
- Við erum jákvæð í samskiptum við börn og starfsfólk og sýnum hvert öðru virðingu og traust.
- Við hugsum vel til hvers annars og leggjum okkur fram við láta öllum líða vel.
- Við erum tilfinninganæm og berum virðingu fyrir tilfinningum annarra.
- Við leggjum kapp á að efla og styrkja börn og ungmenni í gegnum opin jákvæð samskipti og hrós ásamt því að vinna í gegnum leik og leiki.
- Við leggjum okkur fram um að halda í gleðina og finna gleðina í hlutum sem er erfitt að finna.



Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta starfsári

Starfsemi Kringlumýrar og starfsstaðir Kringlumýrar þurftu að takast á við nýjar áskoranir á síðasta starfsári. Aukin ofbeldihegðun og slæm samskipti milli barna og unglunga er einn af þeim þáttum sem höfðu áhrif á frístundastarfið. Fjölgun barna og unglunga af erlendum uppruna settu mark sitt á suma starfstaði Kringlumýrar þetta starfsárið. Allar þessar áskoranir kölluðu á lausnamiðaða hugsun sem ýtti starfsfólkinu í frístundastarfinu í að hugsa út fyrir kassann. Það hefur leitt til framþróunar en einnig aukið álag á frístundastarfið. Mikilvægt er að skóla- og frístundasvið hjálpi að við að takast á við þessa nýju stöðu sem upp er kominn og finni lausnir og úrræði sem nær utan um þá áskorun sem skóla- og frístundastarfið er að takast á við í dag.

Einnig var mygla að koma upp í kringum frístundastarfið sem ekki hjálpaði til við það álag sem var í gangi. Sem dæmi er ein félagsmiðstöðin húsnæðislaus eins og er sem ekki er ásættanlegt. En einnig er mikilvægt að fram komi að nýtt verklag varðandi grun um slæm loftgæði í húsnæði SFS hefur aukið á skilvirkni á flestum þeim málum sem upp hafa komið.

Sértæka starfið í Guluhlíð, Heklu og Öskju er að takast á við mjög erfiða stöðu. Eins og fram kemur í skýrslu starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju er ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar barna og unglunga ásamt breyttri samsetningu í hópnum og þjónustubarfa er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju. Staðan í dag er sú að frístundastarfið fer fram að mestu leiti utan húsnæðis Klettaskóla sem eykur flækjustigið til muna. En starfsfólk Guluhlíðar, Heklu og Öskju hefur unnið kraftaverk í að finna lausnir á þeim vanda sem þau hafa verið að glíma við en mikilvægt er að brugðist sé við þeim vanda sem upp er kominn og að það sé gert eins fljótt og mögulegt er.

Viðhorfskönnun starfsmanna fyrir síðasta ár kom betur út en áður. Kringlumýri fékk viðurkenningu fyrir að vera fyrirmyndarstofnun árið 2022 og lenti í fjórða sæti í flokki starfsstaða með 50 eða fleiri starfsmenn hjá Reykjavíkurborg. Þeir þættir sem komu vel út voru stjórnun með einkunnina 4,62, ánægja og stolt með einkunnina 4,59 og ímynd stofnunarinnar 4,54. Þeir þættir sem komu verst út voru launakjör með einkunnina 3,45 og vinnuskilyrði með einkunnina 3,75.



Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Í þetta skiptið erum við að vinna með niðurstöður úr nýrri útfærslu á starfsmannakönnun Sameykis. Einnig var notast við Íslensku æskulýðsrannsóknina í stað niðurstaðna frá Rannsóknunum og greiningu. Þetta árið fengum við ekki niðurstöður úr foreldrakönnuinni þess vegna dettur það út í þetta skipti.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Ánægja og stolt	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Mældist 4.46. Viljum ná enn lengra. Gerð var umbótaáætlun.
Stjórnun	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Hækkaði úr 4,50 í 4,69 frá síðustu könnun.
Starfsandi	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Mældist 4,43 Markmið voru sett um að hækka þennan þátt.
Sjálfstæði í starfi	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Mældist 4,71 sem er ánægjulegt að okkar mati
Depurð og kvíði	ÍÆ 2023	8. bekkur grunnskóla	Tveir skólar í hverfinu mældust hærri en aðrir skólar í þessum þáttum. Umbótaáætlun unnin af félagsmiðstöðvunum.
Depurð og kvíði	ÍÆ 2023	10. bekkur grunnskóla	Einn skólinn í hverfinu skar sig úr varðandi þennan þátt. Umbótaáætlun unnin af félagsmiðstöðvunum.
Lent í slagsmálum síðustu 12 mánuði	ÍÆ 2023	6. bekkur grunnskóla	Einn skólinn í hverfinu skar sig úr varðandi þennan þátt. Umbótaáætlun unnin af félagsmiðstöðvunum.



1. Frístundastarfið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Virk þátttaka	Samstaf við Skátana Innleiða samstarf við Skátana	Fara í samstarf við Skátana þar sem skátastarf fer fram á frístundatímabarna	Forstöðum aður Guluhlíðar og Krakkakots	Haut 2023	Haut 2024	Fjöldi þátttakenda og meta ánægju þátttakenda	Að meirihluti þátttakendahaft verið ánægð með starfið
Sjálfsfelling Félagsfærni	Rafíþróttaklúbbur Virka þá sem eru ekki virkir í félagsstarfi en hafa áhuga á rafíþróttum	Þróttheimar mun gera tilraun með hópstarf sem tengist rafíþróttum	Forstöðum aður Þróttheima	Haut 2023	Haut 2024	Fjöldi þátttakenda	Að virkni þátttakenda sé meiri en áður.
Sjálfsfelling Félagsfærni	Vináttufærni Þróa enn frekar Vináttufærni sem verkfæri til að efla félagsfærni hjá börnum í frístundaheimilum	Frístundaheimilin munu halda áfram með þróun á þessu verkefni og mæla niðurstöður með formlegum hætti	Forstöðum enn frístundaheimila ásamt deildarstjórna barnastarfs	Haut 2023	Haut 2024	Taka saman niðurstöður í öllum frístundaheimilum með tölfræðilegri nálgun	Að öll frístundaheimili KM séu að skila niðurstöðum sem sýni jákvæðar breytingar hjá þeim sem verst standa
Sjálfsfelling Félagsfærni	Félagsmiðstöð fyrir hinsegin unglunga Auka virkni og félagsleg tengsl	Setja af stað félagsmiðstöð fyrir hinsegin	Forstöðum enn félagsmiðstöðva	Haut 2023	Haut 2024	Setja könnun fyrir þátttakend	Að þeir sem tóku þátt í þessu starfi hafi verið



	hinsegin unglunga	unglinga	ásamt deildarstjóra unglungastarfs			ur varðandi þeirra upplifun og taka saman fjölda þátttakenda	ánægð starfið
Jöfnuður	Börn og unglingar af erlendum uppruna Sérstök áhersla lögð á að efla félagstengsl	Klúbbastarf, sértækt hópastarf	Forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva	Haus t 2023	Haus t 2024	Fjöldi þátttakenda	Að börn og unglingar með erlendan uppruna sem búa í hverfunum sé boðið að taka þátt í frístundastarfi
Jöfnuður	Réttindafrístundastarf Auka réttindi og jöfnuð meðal barna í Krakkakoti	Innleiða Réttindafrístundastarfi í frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í Bústaðahverfi	Forstöðmenn frístundastarfs í Bústaðahverfi og deildarstjórar félagsmiðstöðva og frístundaheimila	Haus t 2023	Haus t 2024	Úttekt UNICEF á Réttindafrístundastarfi	Að frístundastarfi í Bústaðahverfi verði viðurkennt sem Réttindafrístundastarfi
Heilsuefling	Auka útiveru og útivist barna Ýta undir tengingu barna við náttúruna.	Setja af stað klúbba sem vinna markvist með útivist og tengingu við Íslenska náttúru	Forstöðumenn frístundaheimila	Haus t 2023	Haus t 2024	Mat á verkefninu haustið 2024	Þátttaka barna og meta ánægju barna af náttúru og tengingu þerra við hana

2. Stjórnun, staðarbragur og mannauður

Þættir	Áskoranir/markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Staðarbragur	Samskiptasáttmáli Kringlumýrar Auka vellíðan, jákvæð samskipti og traust á starfsstöðum Kringlumýrar	Farið verður í endurnýjun á samskiptasáttmálanum sem mun bera nýtt heiti, Vinnustaðarmenningu.	Framkvæmdastjóri ásamt öllum stjórnendum um Kringlumýrar	Haut 2023	Haut 2024	Aðgerðaáætlun um vinnustaðarmenningu verði yfirfarin haustið 2024	Að allir starfsstaðir Kringlumýrar séu búin að innleiða nýtt form um vinnustaðarmenningu haustið 2024
Fagmennska	Menntastefna Auka gæði frístundastarfs í Kringlumýri	Meta tvo þætti úr gátlista Menntastefnunnar fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar	Framkvæmdastjóri og deildarstjórnari	Haut 2023	Haut 2024	Deildarstjórnari fari yfir þessa tvo þætti Menntastefnunar fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar	Að allir starfsstaðir vinni eftir umbótaáætlun út frá þessum tveim þáttum haustið 2024
Stjórnun	Snerpusamtöl Bæta gæði og skilvirkni	Innleiða á Snerpusamtöl í stað starfspróunar samtöl	Framkvæmdastjóri ásamt stjórnendateymi Kringlumýrar	Haut 2023	Haut 2024	Meta í lok árs í lokaviðtali hverju þessar breytingar breyttu fyrir starfsmenn	Að starfsmenn séu ánægðir með þessar breytingar



Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Fyrir starfsárið 2023-2024 er menntastefna Reykjavíkurborgar rauður þráður í öllum áherslum Kringlumýrar og starfsstöðvum hennar. Þættir menntastefnunnar; félagsfærni, sjálfsefning, heilsuefning, læsi og sköpun eru undir með mismunandi útfærslum og verða hér á eftir talin upp helstu áherslur og verkefni.

Félagsmiðstöðvarnar leggja áherslu á aukna félagsfærni barna og unglunga til dæmis með klúbbastarfi sem snertir á félagsfærni og að nálgast jaðarsett börn og unglunga ásamt því að leiðbeina drengjum í að virða mörk og vera leiðtogar með jákvæðum hætti. Rafípróttir er hluti af því að virkja hóp sem ekki er virkur félagslega.

Ákveðið var að fara í samstarf við Skátana þar sem markmið samstarfsins er að börn með ólíkar stuðningsþarfir fái tækifæri til að upplifa skátastarf á eigin forsendum, verja tíma í náttúrunni og takast á við ævintýraleg skátaverkefni við þeirra hæfi. Í Guluhlíð frístundaheimili fyrir fötluð börn var markmiðið að fötluð börn tækju þátt í skátastarfi. Í Krakkakoti frístundaheimili við Hvassaleitisskóla var áherslan á að virkja börn af erlendum uppruna ásamt öðrum börnum í skátastarf á tíma frístundaheimilisins.

Ákveðið var að fara af stað með félagsmiðstöð fyrir hinsegin unglunga sem ber nafnið Gaymstöðin. Húsnæði Hofsin er nýtt fyrir starfsemina einu sinni í viku þar sem markmiðið er að auka félagsleg tengsl og virkni hinsegin unglunga.

Áframhaldandi þróun mun eiga sér stað á A-hluta verkefninu Funfy þar sem hægt er að nálgast myndbönd sem kenna starfsfólki að nýta leiki sem verkfæri til að efla meðal annars félagsfærni og sjálfsmýnd barna og unglunga.

Haldið verður áfram með þróun á samskiptasáttmála Kringlumýrar, sáttmála sem allir stjórnendur Kringlumýrar tóku þátt í að búa til 2019. Markmið þessa sáttmála er að bæta starfsumhverfi allra starfsstaða Kringlumýrar og búa til öruggt og jákvætt starfsumhverfi fyrir alla starfsmenn. Farið verður í að breyta úr samskipta sáttmála í vinnustaðarmenningu. Einnig verður farið í það að innleiða snerpusamtöl inn á alla starfsstaði Kringlumýrar.

Snerpusamtöl verða innleidd á alla starfsstaði Kringlumýrar til að bæta gæði og skilvirkni starfsmannaviðtala. Viðtölunum er skipt upp í fjóra flokka, hvar stendur þú núna m.t.t. starfsánægju, þ.e. ánægju í því starfi sem þú sinnir núna? Hverjir eru þínir helstu styrkleikar og hæfileikar og hvernig er best að virkja þá? Hvernig getum við hámarkað styrkleikana þegar kemur að þjálfun og fræðslu? Hvernig getum við gert hlutina betur, bætt samskipti og upplýsingamiðlun?

Kringlumýri tekur einnig þátt í miðlægu verkefni Flotanum þar sem fram fer vettvangsvinna og tenging við unglunga í hverfum borgarinnar. Flotinn er viðbót við almennar félagsmiðstöðvar sem starfa í hverfum borgarinnar á vegum frístundamiðstöðva.



Samstarf

Með innleiðingu BBB hefur samstarf frístundastarfs og grunnskóla aukist til muna. Nú hefur frístundastarfið vettvang sem það hafði ekki áður þar sem mál barna og unglunga eru tekin fyrir. Einnig eru lausnateymisfundir mikið framfara skref þar sem hægt er að ræða mögulegar lausnir á vanda barna og unglunga. Lausnateymin eru á byrjunarreit en við höfum mikla trú á að þetta muni fækka málum sem enda sem þriðja stig úrræði. Með flutningi Kringlumýrar inn í skóla- og frístundaskrifstofu Norðurmiðstöðvar ásamt fagstýrum grunn- og leikskóla, hefur aukið enn á samstarf milli leik, grunn og frí í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfis. Sama á við um barna- og fjölskyldudeild Norðurmiðstöðvar þar sem mun styttra er milli þeirra sem vinna með einstaklingsmál barna og unglunga.

Sértækt hópastarf er að aukast og er það unnið í nánun samstarfi við stjórnendur grunnskólanna og námsráðgjafa. Gott samstarf er við unglingaráðgjafa Norðurmiðstöðvar þar sem haldnir eru fastir fundir um þau mál sem upp koma í unglingahópum í hverfinu. Einnig er gott samstarf við frístundaráðgjafa þjónustumiðstöðvarinnar varðandi samstarf um lýðheilsu og félagsauð í hverfinu.

Einnig upplifum við aukið samstarf við lögregluna sem er mikið framfaraskref. Þó það samstarf sé rétt að byrja erum við bjartsýn á að þetta eigi eftir að aukast á næstu árum.



Jafnréttisáætlun

Um Jafnréttisáætlun Kringlumýrar

Frístundamiðstöðin Kringlumýri miðar við að allt starf lúti bæði [jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar](#) og [mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#). Jafnréttisáætlun Kringlumýrar er ætluð sem hnitmiðað rit sem snýr sérstaklega að starfi Kringlumýrar. Þar sem starf Kringlumýrar er fjölbætt, þ.e. Kringlumýri er bæði atvinnuveitandi margra auk þess að þjónusta börn og ungmenni, þá er jafnréttisáætlunin víðfem og eiga atriði þ.a.l. misvel við á hverjum stað. Stjórnendur eru hvattir til þess að lesa vel yfir hvert markmið og aðlaga að eigin vinnustað ef þörf er á. Taflan er hins vegar mjög skýr; henni er skipt niður í 7 markmið sem hvert hefur eigið undirmarkmið. Markmiðunum fylgja aðgerðir sem þarf að fylgja eftir, en ábyrgð á aðgerðum og tímarammi fyrir þær má einnig finna í töflunni.

Lykilatriði í frístundastarfi á jafnréttisgrundvelli er að starfsmenn geri ráð fyrir fjölbreytileika barna. Í því felst að bera virðingu fyrir og mismuna ekki börnum á grundvelli kyns, húðlitar, trúar, fötlunar, heilsufari, kynhneigð, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, uppruna og þjóðerni.

Markmið	Undirmarkmið	Aðgerð	Ábyrgð og Tímarammi
Hvetja til fjölbreytileika í starfi og berjast gegn staðalímyndum.	Starfsfólk sé meðvitað um mögulega birtingu staðalmynda í frístundastarfi og stendur ekki fyrir starfi sem ýtir undir þær. Hvetja til fjölbreytileika og sporna gegn staðalímyndum í starfi s.s. á grundvelli staðalímyndum á grundvelli kyns, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, uppruna, þjóðernis, húðlitar, trúarbragða og félagslegrar stöðu í frístundastarfi	Fræða starfsfólk um birtingarmyndir staðalmynda og áhrif þeirra.	Forstöðumenn og deildarstjórar. Haust önn.
		Kyngera ekki ákveðin tilboð. Brjóta niður kynbundna afþreyingu. Meta þarf hvern hóp hverju sinni.	Forstöðumenn. Metið í lok annar
		Ræða birtingu staðalmynda í starfinu, samfélaginu og umhverfi barna og unglinga..	Starfsfólk, forstöðumenn Metið í lok annar
		Vanda val á fræðsluefni og afþreyingu. Bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum, s.s. uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs,	Forstöðumenn Metið í lok annar



		fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Berjast gegn fordómum með fræðslu og umræðum.	
Forvarnir gegn kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni meðal starfsfólks og barna og ungmenna.		Fræðsla fyrir börn og starfsfólk. Ath t.d. Verndum þau, Blátt áfram, Barnahús ofl. Reynt eftir fremsta megni að forðast óöruggar aðstæður fyrir börn og starfsfólk	Deildarstjórar, Forstöðumenn
Viðbrögð við kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni barna og ungmenna.	Tekið faglega á málum sem gætu komið upp	Að allir þekki verkferla um viðbrögð við kynbundnu og kynferðislegu áreiti.	Framkvæmdastjóri, deildarstjórar, Forstöðumenn
Jafnréttisáætlun Kringlumýrar sé virk.	Jafnréttisnefnd sé virk, fái fræðslu, safni upplýsingum og geti miðlað upplýsingum eða veitt ráðgjöf.	Jafnréttisáætlun sé ávalt aðgengileg á heimasíðu og einnig á veggspjaldi eða prentvænni útgáfu	Stjórnendateymi Kringlumýrar.
Þjóða upp á kynlaus salerni.		Óska eftir kynlausum salernum í gegnum nýframkvæmdir starfsstaða.	Framkvæmdarstjóri, fjármálastjóri og deildarstjórar. Áætlun til þriggja ára
Jafnræði í úthlutun verkefna	Gæta jafnræðis í úthlutun á auknum verkefnum, yfirvinnu o.s.frv.	Kerfisbundið eftirlit gagnvart t.d. yfirvinnu. Útfært á hverri starfseiningu.	
Allt starf lúti að jafnréttisáætlun Kringlumýrar sem og mannréttindastefnu Rvk.	Allir starfsmenn þekki jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.	Gátlisti (aðlagaður á hverri starfseiningu) Jafnréttisáætlun endurskoðuð á hverju ári og ritað um í ársskýrslu Kringlumýrar. Kynning á bæði jafnréttisáætlun og mannréttindaáætlun.	
Passa upp á orðræðu í samskiptum við börn og heimili.		Tala um foreldra í stað mömmu og pabba Nota börn og unglingar í orðræðu í stað fyrir kynbundinnar flokkun.	

